

Óeirðir á spönsku yfir- ráðasvæði í Frakklandi

Barcelona, 22. febrúar.
(NTB-Reuter).

SVEITIR úr spænska hernum hafa verið sendar til Llvía, en það er eilítið spánskt yfirráðasvæði í Frakklandi. Er sagt, að spánskir útlagar hafi haft í huga að taka stjórnina þar í eigin hendur. Opinberar heimildir í Girona neita því að útlagarnir hafi tekið völdin í sínar hendur nú þegar. Í Llvía hafi reyndar verið um að ræða pólitíska óró undanfarið, en hún sé nú á enda.

Orðrómurinn um að þorpið Llvía væri á valdi útlaganna var mjög ákveðin í Perpignan í Suður-Frakklandi í dag. Fólk, sem býr rétt við landamæri Llvía, sagði að stórar sveitir úr hernum í væri á leið til Llvía. Voru menn á því, að útlagarnir væru hvattir af

Santa Maria-málinu og væri um að ræða sameiginlegar aðgerðir spanskra og portúgalskra útlaga.

Í Toulouse, en þar eru aðal-
bækistöðvar spönsku lýðveldismanna, liggja óstaðfestar

fregnir um að götuóeirðir hafi verið í Llvía í dag milli lög-
reglu og almennings.

Llvía er um það bil 40 fer-
kílómetrar að stærð og er í Pyreneafjöllunum, rétt fyrir norðan spönsku landamærin.

SAAB 96

FYRIR NOKKRU var flutt hingað til lands fyrsta bifreiðin af gerðinni SAAB 96. Bifreið þessi er oft kölluð „sænski fólksvagninn“. Nýlega var blaðamönnum boðið að skoða bifreiðina, en umboðsmaður hennar hér á landi er Sveinn Björnsson & Co í Reykjavík.

SAAB 96, sem er 5 manna, er framleidd í Svenska Aero-plan A/B-verksmiðjunum í Trollhättan, en bifreiðasmíði hófst þar árið 1947, og hefur framleiðslan aukist jafnt og þétt síðan. Má m. a. nefna það, að árið 1960 var minni sala á nýjum bifreiðum í Svíþjóð en árið 1959. Þrátt fyrir það jókst sala á SAAB um 42% frá árinu áður.

SAAB 96, sem er framdrifin, vegur aðeins 800 kg. Vélin er 42 ha, tveggja strokka, þriggja cylindra og er vatnskæld. — „Gírskipting er í stýri með 3 „gírum“ áfram og 1 aftur. — Ekki þarf að skipta um olíu, þar sem hún er látin saman við benzínið, en benzíngeymir tekur 40 lítra.

Bifreiðin er björt og þægileg, og gangur nærri hljóðlaus. Sæti eru færanleg á marga vegu. Farangursgeymsla er að aftan, rúmgóð og undir gólfi hennar er varahjólið. Bygging SAAB 96 er traust, ryðvarin og undirvagn kvoðaður frá verksmiðjunum.

Á malarvegum hefur SAAB 96 reynst vel enda sérstaklega byggð fyrir akstur á malarvegum og orðið mjög sigursæl í kappökstrum á árinu 1960, með

alls 14 sigra. Var bifreiðin fyrst í eftirtöldum kappökstrum: Í Svíþjóð (miðnætursólarakstrinum) í Finnlandi (þúsundvatnaakstrinum), í Noregi (víkingaakstrinum) og í Bretlandi (R. A. C. kappakstrinum) og var bifreiðin fyrsta erlenda sem sigraði í þeirri keppni.

Sýning í München

EINS og undanfarin ár mun landi sýning á handiðn og listiðn ýmis konar. Að þessu sinni verður sýningin haldin dagana 31. maí til 11. júní n. k.

Íslenzkir listiðnaðarmenn hafa tvívegis tekið þátt í þessari sýningu og hlotið góða dóma. Er þess skemmt að minnast að Ásgerður Búadóttir hlaut þar gullverðlaun fyrir myndvefnað fyrir nokkrum árum. Einnig fékk íslenska sýningardeildin gullverðlaun fyrir smekklegt og frumlegt fyrirkomulag muna.

Á þessu ári er ætlunin, að frumkvæði Vörusýningarnefndar að skapa íslenskum hand- og listiðnaðarmönnum möguleika á að sýna nokkra úrvalsmuni og hefur nú um það samizt, að félag húsgagnaarkitekta sjái um íslenska deild á sýningunni, og mun formaður félagsins — Hjalti Geir Kristjánsson, gefa allar upplýsingar þar að lútandi.

Lögð verður á það áherzla, að einungis það bezta og vand aðasta verði sent til München, en þeir listmunir, sem helzt kom til greina eru húsgögn, gull-, silfur-, og önnur málsmíði, beinvinna, vefnaður, leirker o. fl., sem einkum lýtur að hífylaprýði.

Þinnudagur

SLYSAVARÐSTOFAN er op-
in allan sólarhringinn. —
Læknavörður fyrir vitjanir
er á sama stað kl. 18—8



Skipaútgerð ríkisins:

Hekla er væntan-
leg til Akureyrar
í dag á austurleið.
Esja er væntanleg
til Rvk í kvöld að
vestan úr hringferð. Herjólfur fer frá Rvk í kvöld til Vestmannaeyja og Hornafjarðar. Þyrill fór frá Akranesi 18. þ. m. áleiðis til Þurfleet. Skjald breið fór frá Akureyri í gær á vesturleið. Herðubreið er á Vestfjörðum á suðurleið.

Jöklar h.f.:

Langjökull fór frá Rvk 21. þ. m. á leið til New York. Vatnajökull fór frá Siglufirði 20. þ. m. á leið til Gautaborgar, Halden, Oslo, London og Rotterdam.

Skipadeild S.I.S.:

Hvassafell er í Rvk. Arnar-
fell fór 21. þ. m. frá Hull á-
leiðis til Rvk. Jökulfell er á
Húsavík. Dísarfell er í Ro-
stock. Litlafell er á leið til
Rvk frá Norðurlandshöfnum.
Helgafell átti að fara í gær
frá eVntspils áleiðis til Ro-
stock. Hamrafell er í Rvk.

Hafskip h.f.:

Laxá lestar við Faxaflóa-
hafnir.

Húsmæðrafélag Reykjavíkur:

Næsta saumanámskeið hefst
mánudaginn 27. þ. m. kl. 8
í Borgartúni 7. Batsnáms-
keið hefst í marz. Konur
sem ætla að sækja þessi
námskeiði geta fengið allar
nánari upplýsingar í sím-
um 11810 og 33449.

Munið spilakvöld Húsmæðra-
félags Reykjavíkur, sem er
í kvöld.

Aðalfundur Áfengisvarnar- nefndar kvenna í Reykjavík

og Hafnarfirði var haldinn
1. febrúar s. l. Eins og und-
anfarið hefur aðalstarf
nefndarinnar verið hjálpar-
starf við drykkjufólk. —
Stjórn félagsins var öll end-
urkosni. Stjórnina skipa:
Form.: Guðlaug Narfadóttir,
varaform.: Friður Guð-
mundsdóttir, ritari: Kristín
Sigurðardóttir, gjaldk.:
Seseslja Konráðsdóttir og
sem meðstjórnendur þær:
Aðalbjörg Sigurðardóttir,
Jakobína Matthiesen og
Þórunna Símonardóttir.



Flugfélag
Íslands h.f.:
Millilandafulg:
Hrimfaxi er
væntanlegur
til Rvk kl. 16,
20 í dag frá K-
mh. og Glasg.
— Innanlands-
flug: Í dag er
ætlað að
fljúga til Ak-

ureyrar (2 ferðir), Egilsstaða,
Flateyrar, Kópaskers, Pat-
reksfjarðar, Vestmannaeyja,
Þingeyrar og Þórshafnar. —
Á morgun er ætlað að
fljúga til Akureyrar, Fagur-
hólmýrar, Hornafjarðar, Ísa-
fjarðar, Kirkjubæjarklaust-
urs og Vestmannaeyja.

Bókasafn Dagsbrúnar

að Freyjugötu 27 er opið
sem hér segir: Föstudaga kl.
8—10, laugardaga kl. 4—7 og
sunnudaga kl. 4—7.

Míningarspöld í Míningars- sjóði dr. Þorkels Jóhannes- sonar fást í dag kl. 1-5 í

bókasölu stúdenta í Háskól-
anum, sími 15959 og á að-
alskrifstofu Hapdrættis
Háskóla Íslands í Tjarnar-
götu 4, sími 14365, og auk
þess kl. 9-1 í Bókaverzlun
Sigfúsar Eymundssonar og
hjá Míningarsjóði, Hverfi-
sgötu 21.

Míningarspöld

Kirkjubýggingarsjóðs Lang-
holtssóknar fást á eftirtöldum
stöðum: Goðheimum 3, Álf-
heimum 35, Efstasundi 69,
Langholtsvegi 163 og Bóka-
búð KRON, Bankastræti.

Fimmtudagur

23. febrúar:
12,50 „Á frivakt
inni“. — 14,40
„Við, sem heima
sitjum“. 18,00
Fyrir yngstu
hlustendurna.
20,00 Tónleikar:
Alexander Brai-
llowsky leikur
píanóverk eftir
Liszt. — 20,30
Kvöldvaka: a)
Lestur fornrita:

Lárentíusar saga Kálfssonar;
14. — sögulok (Andrés Björns-
son). b) Lög eftir Sigvalda
Kaldalóns, c) Erindi: Ljós og
eldur í þjóðtrú og þjóðsiðum
(Þórður Tómasson fræðimað-
ur frá Vallnatúni). d) Vísna-
þáttur: Sigurður Jónsson frá
Haukagili). 21,45 Íslenzkt
mál. (Dr. Jakob Benedikts-
son). 22,10 Passíusálmar
(22). 22,20 Úr ýmsum áttum
(Ævar R. Kvaran leikari).
22,40 „Fúgulistin“ (Kunst
der Fuge) eftir Bach; fyrsti
hluti af þremur. Dr. Hallgrím
ur Helgason skýrir verkið. —
23,10 Dagskrárlok.

FLUG

Framhald af 5. síðu.

Utanlandsflug gekk eftir á-
ætlun í gær, en nú óttast menn,
að einhverjar tafir geti orðið
þar á, ef flugvirkjaverkfallið í
Bandaríkjunum berzt til Evr-
ópu og Norðurlandanna. Þó eru
líkurnar fyrir útbreiðslu verk-
fallsins ekki taldar miklar.

Líflát

Framhald af 1. síðu.

Þó hafa farið um bæinn
með áskorunarlista um fund
arboð, sem þeir hafa safnað
undirskriftum á.

Kommúnistar hótuðu ein-
um þessara manna lífláti. létu
hann ekki af undirskrifta-
söfnuninni. Sá heitir Skjöld-
ur Stefánsson, sem fyrir þessu
varð. Kommúnistar segja, að
hann sé ekki meðlimur í sjó
mannafélaginu. Þeir þerjast
af alefli gegn því að halda
fund. — P. Þ.



Jarðarför bróðu- míns

ÞORSTEINS ÞORSTEINSSONAR

fyrirv. sýslumanns og alþingismanns Dalamanna, fer fram frá
Dómkirkjunni föstudaginn 24. þ. m. kl. 2 e. h.

Athöfninni verður útvarpað.

Davíð Þorsteinsson Arnbjargarlæk.